

Priðji fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis árið 2013 var haldinn mánudaginn 13. maí 2013 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson, Haraldur Eyvinds Prastarson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Kristín Helga Gísladóttir sækir um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðarstofu að Hlaðhömrum 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur.“
- b. Kristín Eyjólfadóttir sækir um starfsleyfi fyrir heimagistingu að Miðbúð 7 í Kjósarhreppi.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu.“
- c. Guðrún Jóhannsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir heimagistingu að Skuld í Mosfellsdal.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu.“
- d. Systrasamlagið ehf. sækir um starfsleyfi fyrir söluturni að Suðurströnd 10 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“
- e. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðar sækir um starfsleyfi vegna endurnýjunar leyfis fyrir sumar- og helgardvöl fatlaðra barna og ungmenna með mótuneyti og sundlaug í Reykjadal.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga og laga um hollustuhætti, enda verði innra eftirliti komið á.“
- f. Reykjabúið sækir um starfsleyfi fyrir smásölu á kjöti, fersku og frosnu að Reykjum í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“
- g. Anna Bára Ólafsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir reiðskóla þar sem framreiddur er hádegisverður að Vindhóli í Helgadal.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir hestaleigur og reiðskóla.“
- h. Berglind .I. Árnadóttir sækir um starfsleyfi f.h. Hestamenntar ehf. fyrir reiðskóla að Varmárbökkum.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir hestaleigur og reiðskóla.“
- i. Árni Páll Einarsson f.h. Nori ehf. sækir um sushi framleiðslu að Skálatúni í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna

- j. Jón Magnús Jónsson fh. Reyjabúsins hf. sækir um endurnýjun starfsleyfi fyrir alifuglabúi undir 40.000 stæðum, stofnbúi fyrir ungaframleiðslu. Jafnframt lögð fram framkvæmdaáætlun fyrir Reykjabúið vegna endurnýjunar starfsleyfis.
„Samþykkt til tólf ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000 ásamt sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir alifuglabú.“
- k. Þórarinn Jónsson sækir um starfsleyfi fyrir hestaleigu með hestahaldi og kaffihúsi með súpu að Laxnesi í Mosfellsdal.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á. Jafnframt samþykkt með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir hestaleigur og reiðskóla og starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000“

2. Umsagnir

- a. Miðbúð 7 – gististaður, heimagisting íbúð, rekstrarleyfi.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 11. apríl 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I að Miðbúð 7 í Kjósarhreppi. Tegund staðar var íbúð.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 24. apríl.
„Staðfest“
- b. Skuld – gististaður, heimagisting, rekstrarleyfi.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 24. apríl 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I að Skuld í Mosfellsdal. Tegund staðar er heimagisting.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 6. maí.
„Staðfest“

3. Ársreikningur fyrir árið 2012

Ársreikningurinn var kynntur á síðasta fundi og er nú lagður fram að nýju til afgreiðslu.
„Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.“

4. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

Kynnt að gjaldskráin hefur verið samþykkt í aðildarsveitarfélögum og hefur verið send til birtingar í B deild Stjórnartíðinda. birting væntanlega 17. maí.

5. Akstursæfingasvæði og vélhjólaakstursbrautir við Bolöldur – beiðni um umsögn

Lagt fram bréf Skipulagsstfonunar dagsett 16. apríl 2013.
Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dagsett 7. maí 2013.
„Heilbrigðisnefndin tekur undir álit heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um að framkvæmdin þurfi að vara í umhverfismat“.

6. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til Umhverfisstofnunar um starfsleyfi fyrir SORPU bs, dagsett 2. maí var lögð fram.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓARSVÆÐIS

7. Innkomin bréf

- a. Afrit af bréfi Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins til stýrihóps um brennisteinsvetni frá jarðgufuvirkjunum dagsett 23. apríl.
- b. Bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins dagsett 6. maí um breytingu á efnalögum.
- c. Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 24. apríl um aðalskoðun leikvallatækja og leiksvæða skv. reglugerð nr. 942/2002 með síðari breytingum.

8. Athugasemdir Svönu Davíðsdóttur við eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits með leikskólum á Seltjarnarnesi

Tölvupóstur hennar lagður fram ásamt með eftirlitsskýrslunum. *Heilbrigðisnefnd leggur til að skýrslu verði fylgt eftir við Seltjarnarnesbæ og að úrbætur verði gerðar skv. skýrslunni.*

9. Fundir og ráðstefnur

Framkvæmdastjóri kynnti efni neðangreindra funda.

- a. Framkvæmdastjóri sótti málþing fráveitufélagsins um veika hlekki í vatnshöflun haldið í Háskólanum í Reykjavík þann 11. apríl 2013. ágríp af erindum má finna á <http://www.vafri.hi.is/>
- b. Vorfundur Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða og ráðuneytum var haldinn að Hótel Geysi daganna 7-8. maí sl.
- c. Framkvæmdastjóri sótti samráðsfund með heilbrigðiseftirlitunum á höfuðborgarsvæðinu og Orkuveitu Reykjavíkur þann 10. maí 2013 haldinn í fundarsal Garðabæjar vegna mengunarslyss í Bláfjöllum 9. maí þegar 600 l. af díselolíu láku niður í jarðveg á fjarsvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Málið var kynnt.
- d. Framkvæmdastjóri mun sækja fund OECD sendinefndar ásamt fulltrúa frá Reykjavík sem haldinn verður í Þjóðmenningarhúsinu þann 17. maí nk.

Fundi var slitið kl. 18:05.